

## SAMÞYKKT

### um þjónustu Akureyrarkaupstaðar við fatlaða á Eyjafjarðarsvæðinu.

#### 1. gr.

Í samræmi við samning Akureyrarkaupstaðar og félagsmálaráðuneytisins, dags. 22. mars 2000, fer Akureyrarkaupstaður með stjórn málefna fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu sem í samþykkt þessari tekur til eftirtalinna sveitarfélaga: Akureyrarkaupstaðar, Arnarneshrepps, Dalvíkurbyggðar, Eyjafjarðarsveitar, Glæsibæjarhrepps, Grímseyjarhrepps, Grýtubakka-hrepps, Hálsahrepps, Hríseyjarhrepps, Ólafsfjarðarkaupstaðar, Skriðuhrepps, Svalbarðsstrand-ahrepps og Öxnadalshrepps.

#### 2. gr.

Félagssvið sér um, í umboði bæjarstjórnar, að íbúum á Eyjafjarðarsvæðinu sé veitt sú þjónusta sem svæðisskrifstofu málefna fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum og reglu-gerðum um málefni fatlaðra.

#### 3. gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra á Norðurlandi eystra hefur sama hlutverk gagnvart Akureyrarkaupstað og gagnvart svæðisskrifstofu málefna fatlaðra.

#### 4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sama hlutverk gagnvart Akureyrarkaupstað og gagnvart svæðisskrifstofu málefna fatlaðra.

#### 5. gr.

Með hliðsjón af samningi Akureyrarkaupstaðar og félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. þessarar samþykktar, er Akureyrarkaupstaður undanþeginn skyldu til þess að gera svæðis-áætlanir um þjónustu við fatlaða og árlegar fjárlagatillögur.

#### 6. gr.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar skv. 1. mgr. 7. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, með síðari breytingum, og felur í sér frávik frá 11.-13., 16., 25., 41. og 45. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr., sbr. og 11. gr. laga um reynslu-sveitarfélög til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um þjónustu Akureyrarkaupstaðar við fatlaða á Eyjafjarðarsvæðinu, nr. 331/1996.

*Félagsmálaráðuneytinu, 4. apríl 2000.*

**Páll Pétursson.**

*Óskar Páll Óskarsson.*